



Pungunarrof á Norðurlöndunum 2017

Skýrslan [Pungunarrof á Norðurlöndum 2017](#) var nýlega gefin út af finnsku heilsu- og velferðarstofnuninni, THL. Inniheldur skýrslan tölulegar upplýsingar um þungunarrof og fæðingar á Norðurlöndunum fram til ársins 2017. Skýrslan kemur út annað hvert ár.


Um 74.000 þungunarrof voru framkvæmd á Norðurlöndunum árið 2017 en það samsvarar 12,6 þungunarrofum hjá hverjum 1.000 konum á frjósemisaldri (15-49 ára). Um það bil 36.600 þungunarrof voru framkvæmd í Svíþjóð árið 2017, 14.000 í Danmörku, 12.700 í Noregi, 9.400 í Finnlandi og 1.044 á Íslandi. Tíðni þungunarrofa var lægst í Finnlandi árið 2017, 8,2 á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri en hæst í Svíþjóð (16,9). Á Íslandi var 13,1 þungunarrof framkvæmt hjá hverjum 1.000 konum á aldrinum 15-49 ára sem er aðeins yfir hinu norræna meðaltali. Ef á heildina er litið hefur tíðni þungunarrofa farið heldur lækkandi á Norðurlöndunum undanfarnin ár þó einhver breytileiki sé milli landa.

Tíðni þungunarrofa er fremur lág á Norðurlöndunum í samanburði við mörg önnur lönd Evrópu. Við fjölþjóðlegan samanburð ber þó að hafa í huga að lagaumhverfi getur verið afar mismunandi milli landa sem kann að hafa áhrif á fjölda skráðra og framkvæmdra þungunarrofa. Í Evrópu eru þungunarrof til að mynda algengust í löndum fyrrum

Sovétríkjanna en fátíðust á Írlandi, Möltu og í Póllandi. Í síðarnefndu löndunum er aðgengi að þungunarrofi mjög takmarkað eða framkvæmd þess jafnvel ólögleg. Í Vestur-Evrópu er tíðni þungunarrofa hvað lægst í Þýskalandi, Hollandi og Sviss en löggjöf um þungunarrof er jafnframt fremur frjálslýnd í þessum þremur löndum.

Löggjöf um þungunarrof er komin talsvert til ára sinna í öllum Norðurlöndunum fimm. Gildandi lög í Danmörku eru frá árinu 1973, á Íslandi og í Svíþjóð eru löggin frá 1975, í Noregi frá 1978 og í Finnlandi frá árinu 1985. Eru löggin nokkuð mismunandi frá einu landi

til annars. Þannig geta þungaðar konur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð sjálfar ákveðið að undirgangast þungunarrof án nánari skýringar eða samþykkis. Í Danmörku og Noregi er heimilt að rjúfa þungun fram að lokum 12. viku meðgöngu en í Svíþjóð er miðað við að slíkar aðgerðir skuli ekki framkvæmdar eftir lok 18. viku meðgöngu. Þungunarrof er þó heimilt af lækisfræðilegum ástæðum í ofangreindum löndum eftir 12-18 vikna meðgöngu og þá í kjölfar álits sérfræðinga. Á Íslandi og í Finnlandi verður hins vegar í öllum tilvikum að liggja fyrir rökstudd greinargerð lækis og/eða félagsráðgjafa áður en þungunarrof er framkvæmt. Skiptir þá engu hversu



Mynd 1. Þungunarrof á Norðurlöndunum á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára), 2000-2017.

Efni: Þungunarrof á Norðurlöndunum 2017
bls. 1

Ritstjórn
Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



13. árgangur. 3. tölublað. Mars 2019


langt konan er gengin með eða hvort ástæður aðgerðar eru félagslegar eða lækisfræðilegar.

Í Svíþjóð er leyfilegt að undirgangast þungunarrof af lækisfræðilegum ástæðum fram að 22. viku meðgöngu en í Finnlandi fram að 24. viku. Efri tímamörk eru ekki tilgreind á Íslandi og í Danmörku en í þessum löndum sker sérstök úrskurðarnefnd úr um hvort þungunarrof sé heimilt. Efri tímamörk eru heldur ekki tilgreind í norskum lögum en þar ræður lífvænleiki fósturs því hvort aðgerð er heimilud. Sem kunnugt er um þessar mundir unnið að heildarendurskoðun á [lögum nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstur-eyðingar og ófrjósemisaðgerðir](#) og hefur frumvarp þess efnis verið lagt fram á Alþingi.


Þungunarrof eftir aldri kvenna

Þungunarrof voru algengust hjá konum á aldrinum 20-29 ára á Norðurlöndunum árið 2017. Á Íslandi og í Finnlandi voru þessar aðgerðir tíðastar hjá aldurshópnum 20-24 ára en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hjá aldurs- hópnum 25-29 ára.

Norðurlöndin eiga það sammerkt að þungunarrofum meðal kvenna yngri en 20 ára hefur fækkað verulega undanfarinn áratug, úr 19,2 þungunarrofum á hverjar 1.000 konur á aldrinum 15-19 ára árið 2007 í 8,9 á hverjar 1.000 konur árið 2017 (mynd 2). Hjá þessum yngsta aldurshópi var tíðni þungunarrofa lægst í Noregi árið 2017 (6,3) og í Finnlandi (7,5) en hæst á Íslandi (12,6). Svo virðist sem sú þróun sem orðið hefur í þungunarrofum hjá stúlkum á aldrinum 15-19 ára á Norðurlöndunum sé hægari hér á landi heldur en í nágrennalöndunum. Í því sambandi er vert að hafa í huga að fæðingatiðni á meðal kvenna yngri en 20 ára er enn nokkuð hærra á Íslandi



Mynd 2. Þungunarrof á Norðurlöndunum miðað við 1.000 konur á aldrinum 15-19 ára, 2007 og 2017.



Mynd 3. Hlutfall þungunarrofa á Norðurlöndunum eftir meðgöngulengd í vikum, 2017.

heldur en í hinum löndunum fjórum.

Meðgöngulengd og tegund aðgerðar

Árið 2017 var hlutfall þungunarrofa, sem framkvæmd voru fyrir 9. viku meðgöngu hæst í Svíþjóð (83,1%) en næsthæst á Íslandi (80,9%). Hefur hlutfall þungunarrofa sem framkvæmd voru á þessum fyrstu vikum meðgöngu aukist í öllum löndunum fimm undanfarinn

áratug. Árið 2017 var þungun rofin fyrir lok 12. viku meðgöngu í 93% til 96% tilvika í hverju og einu hinna norrænu landa (mynd 3).

Þungunarrof sem framkallað er með lyfjum hefur verið valkostur á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2006 þegar sú meðferð var tekin upp á Íslandi. Síðan þá hefur það orðið sífellt algeng-




13. árgangur. 3. tölublað. Mars 2019

ara að endir sé bundinn á þungun með lyfjum í stað aðgerðar. Á árinu 2017 var hlutfall þungunarrofs með lyfjum hæst í Finnlandi (97,7%) en lægst á Íslandi (75,3%).

Frjósemi—Lifandi fædd börn á ævi hvers konu

Skýrslan *Þungunarrof á Norðurlöndunum 2017* inniheldur einnig tölulegar upplýsingar um fæðingar en einn helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hvers konu. Á Norðurlöndunum var frjósemi sænskra kvenna mest árið 2017 (1,78), litlu meiri en í Danmörku (1,75). Lægst var frjósemin hins vegar í Finnlandi, 1,49 lifandi fædd börn á ævi hvers konu. Frjósemi íslenskra kvenna hefur um langt árabil verið sú mesta á Norðurlöndunum en nú ber svo við að bæði Svíþjóð og Danmörk hafa skotist fram úr Íslandi hvað þetta varðar. Árið 2017 eignuðust íslenskar konur að meðaltali 1,71 barn um ævina (mynd 4).

Þrátt fyrir að nokkuð hafi dregið úr frjósemi kvenna á Norðurlöndunum undanfarin ár er hún þó enn talsvert



Mynd 4. Frjósemi á Norðurlöndunum, fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hvers konu, 2000-2017.

mikil í samanburði við önnur Evrópulönd þar sem meðalfrjósemi var 1,59 árið 2017. Hæst var frjósemin í Frakklandi (1,9) og næsthæst í Svíþjóð og Svartfjallalandi (1,78). Frjósemi kvenna var hins vegar lægst á Möltu (1,26) og á Spáni (1,31). Jafnan er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn á ævi hvers konu til þess að viðhalda mann-

fjöldanum til lengri tíma litið.

Frekari tölulegar upplýsingar má nálgast í skýrslunni [Þungunarrof á Norðurlöndunum 2017](#).

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir